

Fundur í Betadeild haldinn 11. febrúar 2015 í Glerárskóla á Akureyri

Mættar voru 18 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund og bauð konur velkomnar og Anna Þóra kveikti á kertum. Síðan flutti Björk kveðjur frá fjarstöddum konum, þá gaf hún Eygló fundarstjórnina, en hún var ásamt fleirum í undirbúningshópi fyrir þennan fund.

2. Orð til umhugsunar

Hanna Salómons dóttir minntist Elísabetar Geirmundsdóttur, listakonunnar í fjörunni, í tilefni þess að hún hefði orðið hundrað ára 16. febrúar. Þá las hún ljóð eftir hana og síðan fluttu Eygló og Anna Þóra eitt ljóð hvor.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smá breytingum.

4. Erindi frá stjórn

Björk formaður sagði frá því að Guðbjörg landssambandsforseti hefði áhuga á að heimsækja Beta deild og hún mun jafnvel koma á næsta fund sem er leshringsfundurinn, en Guðbjörg er að hætta sem forseti og langar að heimsækja sem flestar deildir áður en hún hættir. Björk tilkynnti að Jónína hefði ákveðið að bjóða sig fram í stjórn landssambandsins og Eygló til landssambandsforseta, en Þorgerður er nú þegar í stjórninni.

Formaður sagði að stjórnin hefði rætt að halda eftir fimm bókum af *Listakonunni í fjörunni* og selja hinar á 5000 krónur stykkið og var það samþykkt. Þá eru til þrjár tegundir af kortum og var ákveðið að selja tvöföld kort á 300 krónur og einföld á 200 krónur og halda eftir 10 kortum af hverri gerð. Athuga skal hvort Héraðsskjalasafnið á þessi kort. Þorgerður mun hafa umsjón með bæði bókum og kortum og skal vísað á hana ef leitað er eftir kaupum.

Þá nefndi formaður að stjórnin hafi rætt um fátæktina á Íslandi eftir tölu Ingibjargar á síðasta fundi og hefði hún helst komist að þeirri niðurstöðu að best væri að fá einhvern til að ræða þetta við okkur á fundi eða fá einhverja félagskonu til að skrifa um málefnið í blöðin. Um þetta spunnust umræður Halldóra nefndi að það mætti styrkja erlendra foreldra, Anna Þóra nefndi að þá væri líka hægt að hjálpa erlendum börnum við heimanám, Margrét Kristín benti á að við værum ekki líknarsamtök og ættum frekar að huga að menntun, María Steingríms nefndi að við gætum hjálpað foreldrum fyrir foreldraviðtöl í skólum. Ekkert var ákveðið nema að huga að þessu áfram. Margrét Kristín gjaldkeri hvatti konur til að gefa meira í pyngjuna góðu, sagði að heildarupphæðin sem færi frá okkur á vorin gæti sannarlega verið hærri, við hlytum að vera aflögufærar.

5. Önnur mál

Eygló vefstjóri upplýsti að á vefinn okkar væri kominn upplýsingavefur vegna Evrópuráðstefnunnar í Borås í Svíþjóð í sumar.

Þorgerður sagði fréttir af stjórnarfundum DKG, að Landssambandsþingið verður haldið á höfuðborgarsvæðinu í vor og verið sé að búa til spil og lyklakippur sem hægt er að nota sem gjafir og til kynningar, einnig að aðalfyrirlesarinn verður tónlistarkona sem mun fjalla um tónlist á öllum skólastigum, námsmat o.fl. Sem sagt mjög spennandi.

6. Gestur kvöldsins

Gestur kvöldsins var Edward Huijbens prófessor og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála. Hann ræddi um jörðina, jarðsögutímabilin og að nú væri komið nýtt tímabil, manntíminn. Maðurinn er orðinn drottandi á jörðinni en vissulega er ekki sama hvar hann býr.

Edward sagði að ástandið hefði breyst mikið um 1950 með stórauðnum flutningum, lestum, bílum, flugvélum, pappírnotkun og fleira. Neysla jókst mikið þannig að hún fór að breyta jörðinni. Hann nefndi flugið sérstaklega og sagði að á hverjum tímapunkti væru milljón manns á flugi og sagði að hjá Ícelandair hefði aukningin verið um 20% á milli ára nú síðustu ár. Hann sýndi okkur myndband um flug yfir jörðinni þegar heimshlutar vakna og var vægast sagt ótrúlegt og óhuggulegt að sjá þvílíkur fjöldi er á ferð. Hann ræddi hvað verður sýnilegt í jarðlögunum eftir okkar dag, það sem við höfum gert og eyðilagt. Talaði um vistkerfi – hvernig við skynjum takt jarðarinnar, náttúrunnar – hvernig við getum átt okkar þátt í því að tengjast náttúrunni. Hann vitnaði í ýmsa einstaklinga og var einn Þórður frá Dagverðará sem sagði: „Þið verðið að athuga að jörðin er lifandi og hún hugsar“.

Að lokum ræddi hann um kolefnislausa ferðamennsku og „Vera heima“ ferðamennsku. Það spunnust miklar umræður eftir þennan fróðlega fyrirlestur og bar margt á góma. Eygló þakkaði Edward síðan fyrir að koma og fræða okkur og færði honum rós.

7. Kaffi og happdrætti

Þá var drukkið kaffi og meðlæti á kennarastofunni sem kaffinefndin var búin að koma fyrir. Anna Þóra fékk vinninginn, en Ingibjörg Auðuns sem fengið hafði síðasta vinning var ekki mætt þannig að Anna Þóra mun væntanlega fá hann síðar.

Hanna las fyrir okkur grein um Elísabetu Geirmundsdóttur sem á að birtast í Fréttablaði Landssambandsins. Formaður þakkaði undirbúningsnefnd og kaffinefnd fyrir undirbúning fundar.

8. Fundi slitið kl. kl. 10:00.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari

